

**Nr. 112 / 13 Nanna ÍS 321****Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 6641  
Smíðaður: Hafnarfjörður 1985, plast  
Stærð: 6,07 brl. 4,95 bt.  
Mesta lengd: 8,56 m Skráð lengd: 7,9 m  
Breidd: 2,56 m Dýpt: 1,60 m  
Vél: Volvo Penta 134 kW, 2003  
Fjöldi skipverja: 1



Nanna©Fiskifrétir

Málið afgreitt á fundi 14. febrúar 2014 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni og Hilmari Snorrasynti

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 2. júlí 2013 var Nanna ÍS 321 á strandveiðum á Totunni um 16 sml. NV af Straumnesi. Veður: N 6 m/sek

Eftir að veiðunum lauk og þegar stefna hafði verið sett til hafnar varð skipstjóri var við að hávaði kom út vélarúmi og vatnshiti vélarinnar hækkaði. Hann stöðvaði vélina og þegar að var gáð sást að trissan á kælivatnsdælunni var skökk, reimin ónýt og kælimiðillinn lekið af vélinni. Hann kallaði á strandstöð og bað um að verða dreginn í land. Elín ÍS 16 tók Nönnu í tog til hafnar í Bolungarvík.

**Við rannsókn kom fram:**

- að kælivatnsdælan var reimdrifin frá vélinni. Þegar skipstjóri fór að skoða nánar skemmdir á dælunni kom í ljós að öxullager hafði brotnað og við það skekkt trissuna svo reimin „tálgaðist upp“. Öxulpakkningin var einnig ónýt en ekki er útilokað að hún hafi verið farin að leka svo kælimiðillinn hefur viðvarandi legið á kúlulagernum með fyrrgreindum afleiðingum;
- að skipstjóri sagði að ekki hafi verið áður skipt um öxulpakkningu eða lager í dælunni. Vélin er tíu ára og sami eigandi hefur verið að bátnum þann tíma. Vélar framleiðandi gefur ekki upp hversu marga keyrslutíma dælan hefur áður en mælt er með viðhaldi.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.